

## Febrúar fréttablað



### Starfsmannamál

Í janúar byrjaði Arndís Lára að vinna á Hulduheimum og bjóðum við hana velkomna. Um mánaðarmótin hættir Björk hjá okkur en hún hefur verið í sérkennslu og afleysingu, þökkum við henni samstarfið og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Júlía er að koma til baka úr fæðingarorlofi og tekur hún við starfi Bjarkar og bjóðum við hana velkomna.

### Félagsstarf eldri borgara

Í janúar komu Ása og Alda frá félagsstarfi eldri borgara og lásu fyrir börnin á Álfa- og Dvergaheimum. Börnin hafa alltaf jafngaman af að fá gesti í heimsókn og voru dugleg að hlusta og spjalla við gestina.

### Bóndadagur

Góð mæting var af feðrum og öfum á Bóndadaginn og ekki annað séð en að allir hafi verið ánægðir með bæði matinn og þessa góðu samveru. Þessi heimsókn er liður í samstarfi á milli heimilis og skóla og líka gaman að halda í gamlar hefðir eins og Þorrann.

### Tannverndarvika

Fyrsta vikan í febrúar er Tannverndarvika á vegum Embættis landlæknis og Tannlæknafélags Íslands, þá er lögð áhersla á tannvernd og allt sem snýr að því. Petra Vilhjálmsdóttir tannlæknir í Þorlákshöfn kom 29. janúar og ræddi við nemendur. Hún kenndi þeim hvernig á að bursta tennurnar, ræddi um hver á að burstu þær, sagði frá mikilvægi þess að nota tannþráð og hversu mikið tannkrem skal nota. Petra gaf börnunum tannbursta að gjöf og færum við henni bestu þakkir fyrir. Á eftirfarandi slóð eru góðar leiðbeiningar um t.d. næturgjafir og umhirðu tanna <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/tannvernd/>. Einnig má benda á frá 1. janúar 2017 hefur verið frítt fyrir 3-17 ára börn hjá tannlækni. Þau borga einungis eitt komugjald á ári kr. 2500 og hafa skráðan heimilistannlæknir.

### Tónlistarskólinn

Í lok janúar bauð Stefán slagverkskennari börnunum á Goðheimum í tónlistarskólann til þess að fræðast um trommur og hlusta á Kjartan Ægi, Ísar Mána og Karl Óskar spila nokkur lög á trommur. Börnunum fannst mjög spennandi að heyra í þeim spila en fannst jafnframt vera hávaði.

### Bolludagur-sprengidagur og öskudagur

Haldið verður upp á þessa þjóðlegu daga hérna í Bergheimum. Bolludagur er fyrstur og verða þá borðaðar rjómaþellur um morguninn og kjötbollur í hádegismat. Á sprengidaginn ætla nemendur og kennarar að borða á sig gat af saltkjöti og baunum. Á öskudaginn ætla allir að mæta í búningi og verður opið á milli deilda eins á rugldegi. Þetta árið verður ekki öskudagsball því við erum ekki með neinn sal. Á einhverjum deildum verður þó tónlist þannig að hægt verður að dansa þar ef einhverjir vilja. **Sverð, byssur og önnur vopn eru ekki leyfð.**

### Mömmu og ömmu kaffi

Í tilefni af konudeginum þá er mæðrum og ömmum boðið í heimsókn kl. 10 þann 16. febrúar. Við ætlum að gæða okkur á vöflum og eiga notalega stund saman. Gaman væri að fá sem flestar í þessa heimsókn, er þetta góð tenging við mæður og ömmur.

## Undir stiganum

Í febrúar verður sýning á listaverkum barnanna í Bergheimum haldin í Bæjarbókasafni Ölfuss. Dagur stærðfræðinnar er 2. febrúar og Dagur leikskólans er 6. febrúar og höfum við í tilefni þessara daga hengt upp listaverk víðsvegar um bæinn. Í ár var okkur boðið að hengja þau upp á bókasafninu í þar tilgerðu rými sem kallað er „ Undir stiganum“. Hvetjum við alla til þess að gera sér ferð á bókasafnið og skoða verk barnanna.

## Breyttar verklagsreglur

Á bæjarstjórnarfundum 25. janúar sl. var samþykkt að breyta verklagsreglum varðandi umsókn um leikskólavist. Hingað til hefur verið hægt að sækja um þegar börn eru 1. árs en eftir þessar breytingar er hægt að sækja um leikskólavist um leið og barn fæðist. Ef þið þekkið nýbakaða foreldra endilega látið þetta berast til þeirra. Verklagsreglur leikskólans er hægt að finna á heimsíðunni [bergheimar.is](http://bergheimar.is)

### Vikan 1-4. febrúar

- |  |
|--|
| 1. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.<br>2. febrúar söngstund.<br>2. febrúar <b>rauður</b> litadagur, allir að mæta í einhverju <b>rauðu</b> eða með eitthvað <b>rautt</b> á sér. |
|--|

### Vikan 5.-11 febrúar

- |   |
|---|
| 6. febrúar Dagur leikskólans.<br>8. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.<br>9. febrúar rugldagur opið á milli deilda milli kl 10-11.<br>9. febrúar umhverfisnefndarfundur. |
|---|

### Vikan 12.-18. febrúar

- |  |
|--|
| 12. febrúar bolludagur<br>13. febrúar sprengidagur.<br>13. febrúar Félag eldri borgara á Goðheima kl 10.50.<br>14. febrúar öskudagur, allir mæta í búningum og höfum rugldag<br>15. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.<br>16. febrúar mömmur og ömmur í vöfflukaffi kl 10 |
|--|

### Vikan 19.-25. febrúar

- |   |
|---|
| 22. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.<br>23. febrúar Álfaheimar með uppákomu í söngstund. |
|---|

Með kveðju  
Elsa aðstoðarleikskólastjóri